

Skýrsla

Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði



HAFNARFJARÐARHÖFN



Hafnarfjörður

MARKAÐSSTOFA
HÖFUÐBORGAR-
SVÆÐISINS

VISIT REYKJAVÍK



Aðdragandi að stefnunni

Helsta forsenda við móttöku stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði er ferðamálastefna og aðgerðaáætlun stjórnvalda fram til ársins 2030. Þar kemur fram að Ísland verði leiðandi í sjálfbærri þróun og að ferðaþjónusta sé arðsöm og samkeppnishæf atvinnugrein í sátt við land og þjóð.

Ferðamálastefnan inniheldur aðgerð sem varðar samstarf um móttöku skemmtiferðaskipa og nýtingu innviða.

Um er að ræða aðgerð C.7 sem tilgreinir að stofnaðir verði samstarfshópar sveitarfélaga og ferðaþjónustu í hverjum landshluta sem vinni greiningu og móti stefnu landshlutans um umgjörð og komur skemmtiferðaskipa og landtöku utan hafna. Er það í takt við þá þróun að hafnir um allan heim setja sér nú stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa til að stuðla að sjálfbærni áfangastaða.

Á árinu 2024 stýrði Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins fyrir hönd Reykjavíkurborgar og Faxaflóahafna verkefni um móttöku stefnu um þolmörk og móttöku skemmtiferðaskipa í Reykjavík. Stefnan er aðgengileg [hér](#).


Á árinu 2025 var síðan ákveðið að framkvæma sambærilegt verkefnið fyrir móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði. Stefnan er sett til ársins 2035 og verður endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Í framhaldinu verður tekin ákvörðun um gerð aðgerðaráætlunar og unnið að innleiðingu hennar.

Um skemmtiferðaskip í Hafnarfirði

Fjöldi skemmtiferðaskipa til Íslands

Á undanförunum árum hefur verið fjölgun á komum skemmtiferðaskipa til Íslands. Árið 2023 var metár þegar 110 skip komu til landsins og fjöldi skipakoma fór í 1226.



Fjöldi skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar

Hér má sjá fjölda skemmtiferðaskipa sem komu til Hafnarfjarðar á undanförunum árum ásamt áætlun um komu skipa til Hafnarfjarðarhafnar á næsta ári. Árið 2025 var fjölda skipakoma svipaður og árið áður, en 2026 er gert ráð fyrir fjölgun.

2023	2024	2025	2026 <i>Áætlaður fjöldi</i>
Fjöldi skipa: 11	Fjöldi skipa: 9	Fjöldi skipa: 5	Fjöldi skipa: 13
Fjöldi skipakoma: 27	Fjöldi skipakomu: 19	Fjöldi skipakomu: 18	Fjöldi skipakomu: 31
Fjöldi farþega: 10.635	Fjöldi farþega: 6.460	Fjöldi farþega: 3.888	Fjöldi farþega: 7.486
Fjöldi áhöfn: 5.657	Fjöldi áhöfn: 3.553	Fjöldi áhöfn: 2.243	Fjöldi áhöfn: 4.374

Aðferðafræði


Meginforsenda

Sjálfbærni sem grunnur

Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði hefur beina vísun í ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun stjórnvalda til 2030. Þar kemur fram að Ísland verði leiðandi áfangastaður í sjálfbærni.

Ferðamálastefna stjórnvalda byggir á fjórum víddum: efnahagi, samfélagi, umhverfi og gestum. Ákveðið var að stefna um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði myndi byggja á sömu víddum til að hafa skýra vísun í sjálfbærni.

Stefnan tekur jafnframt mið af markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun en þau heimsmarkmið sem stefnan styður við eru m.a góð atvinna og hagvöxtur, sjálfbærar borgir og samfélög, aðgerðir í loftslagsmálum, líf í vatni og samstarf um markmiðin.



Hagaðilasamtal

Hagaðilasamtal var lykilþáttur í vinnslu stefnunnar.

Í apríl 2025 var haldin vinnustofa með hagaðilum þar sem kallað var eftir sjónarmiðum þeirra. Markmið vinnustofunnar var að stuðla að samtali hagaðila í þeim tilgangi að greina og ræða lykiláherslur, helstu áskoranir og tækifæri til framtíðar. Leitast var við að fá fram ólík sjónarmið til að kortleggja hvaða þættir skipta mestu máli við mörkun stefnunnar.

Hagaðilar boðaðir á vinnustofurnar voru um 60 og endurspegluðu þeir fjölbreyttan hóp fyrirtækja í Hafnarfirði, ferðaþjónustufyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúa frá Hafnarfjarðarbæ og Hafnarfjarðarhöfn. Alls mættu 24 á vinnustofuna.

Vinnustofan fór fram 8. apríl í Hafnarborg. Notast var við tvær aðferðir til að virkja þátttakendur. Fyrst voru þeir beðnir um að svara nokkrum spurningum um komur skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar í gegnum Mentimeter. Þar á eftir var þátttakendum skipt í umræðuhópa þar sem þeir voru beðnir að velta fyrir sér hvernig þeir myndu vilja sjá komur skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar þróast.

Í júní 2025 var haldinn opinn fundur um verkefnið. Markmið fundarins var að upplýsa almenning og fá endurgjöf á vinnuna. Á opna fundinn mættu íbúar ásamt fulltrúum frá ferðaþjónustu og sveitarfélaginu. Gestir fengu kynningu á verkefninu, niðurstöðum vinnustofunnar og gátu síðan veitt endurgjöf í gegnum Mentimeter.

Á næstu glærum má sjá niðurstöður úr vinnustofunni.

Vinnustofa – Niðurstöður úr Mentimeter

Notast var við Mentimeter til að gefa öllum þátttakendum tækifæri til að tjá sig frjálst um komur skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar. Eftirfarandi spurningar sem sneru að móttöku skemmtiferðaskipa voru lagðar fyrir þátttakendur:

- Hvað gerir Hafnarfjörð einstakan sem áfangastað?
- Hvernig telur þú að farþegar skemmtiferðaskipa upplifi Hafnarfjörð í dag?
- Hvaða tækifæri felast í komum skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar?
- Hverjar eru helstu áskoranir við móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði?
- Hvernig tryggjum við að móttaka skemmtiferðaskipa verði í sátt við íbúa?
- Hversu mikinn áhuga hefur þú á að Hafnarfjörður þróist sem áfangastaður fyrir skemmtiferðaskip?

Vinnustofa – Niðurstöður úr Mentimeter

Hvernig telur þú að farþegar skemmtiferðaskipa upplifi Hafnarfjörð í dag?



Vinnustofa – Niðurstöður úr Mentimeter

Hvaða tækifæri felast í komum skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar?

Viðskipti og þjónusta

- Aukin verslun og viðskipti, sérstaklega í mat og drykk.
- Tækifæri til að efla og kynna veitingastaði og matarmenningu.
- Meiri þjónusta yfir daginn sem gagnast einnig heimamönnum.
- Hugmyndir um kort með verslunum sem bjóða ferðamenn velkomna.

Fólksflæði og þátttaka

- Fá farþega til að dvelja í bænum, ekki bara fara beint annað.
- Skipulagðar ferðir: göngur, útsýni, saga og jafnvel álfaganga.
- Auka mannlíf með staðbundnum upplifunum eins og kakó og kleinur.

Lifandi bær og hæg þróun

- Stuðla að líflegu hafnarsvæði og auknu mannlífi.
- Hæg og sjálfbær þróun sem styrkir bæjarbrag og gildi.
- Höfnin nýtist betur og skilar tekjum til samfélagsins.

Náttúra og staðsetning

- Stutt í Reykjavík, Reykjanes, hraunið og náttúruupplifanir.
- Tækifæri fyrir hvalaskoðun, hestbak og útivist.

Vinnustofa – Niðurstöður úr Mentimeter

Hverjar eru helstu áskoranir við móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði?

Innviðir og tenging

- Hafnarinnviðir ófullnægjandi; takmarkað dýpi.
- Slæm tenging hafnar og miðbæjar fyrir gangandi farþega.
- Skortur á klósettum, gönguleiðum, hjólaleigu og upplýsingamiðlun.
- Aðkoman að landi óspennandi og illa merkt.

Samgöngur og aðgengi

- Umferð og erfiðar gönguleiðir torvelða aðgengi.
- Farþegar fara oft beint annað – t.d. í rútu til Reykjavíkur.
- Skipuleggjendur skipa bjóða ferðir út fyrir bæinn og erfitt er að breyta því.

Þjónusta og upplifun

- Skortur á afþreyingu og veitingastöðum, oft lokað fyrir hádegi.
- Móttaka þarf að vera markvissari, bæði á landi og um borð.
- Ferðir of fastmótaðar – vantar sveigjanleika og fjölbreytni.

Áhrif á samfélagið

- Áhyggjur af þolmörkum og áhrifum á heimamenn.
- Mikilvægt að halda ferðamönnum innan bæjarins á jákvæðan hátt.
- Þróun þarf að gagnast bæði íbúum og gestum – t.d. afþreying sem heimamenn nota líka.

Vinnustofa – Niðurstöður úr Mentimeter

Hvernig tryggjum við að móttaka skemmtiferðaskipa verði í sátt við íbúa?

Samráð og upplýsingagjöf

- Opinskátt samtal við íbúa um þróun og ávinning.
- Upplýsa um skipakomur og tekjur sem skila sér í bæinn.

Álagsstýring og þolmörk

- Halda skipakomum í hófi – t.d. eitt skip í einu, minni skip.
- Greina og virða þolmörk samfélags og umhverfis.

Mengunarvarnir og aðgengi


- Minnka hávaða og mengun (sérstaklega á kvöldin) – rafmagn og umferðarstýring.
- Bæta tengingu milli hafnar og bæjar.

Ávinningur fyrir samfélagið

- Tryggja að gestir dvelji í bænum.
- Tekjur og þjónusta nýtist heimamönnum líka.

Vinnustofa – Niðurstöður úr Mentimeter

Hversu mikinn áhuga hefur þú á að Hafnarfjörður þróist sem áfangastaður fyrir skemmtiferðaskip?



*Þátttakendur svöruðu spurningunni með því að velja tölu á skalanum 0-10 þar sem 0 var "Enginn áhugi" og 10 "Mikill áhugi"

Vinnustofa – Niðurstöður úr hópavinnu

Eftir að þátttakendur svöruðu Mentimeter spurningunum var þeim skipt í hópa til að ræða spurninguna:

- **Hvernig viljið þið sjá komu skemmtiferðaskipa til Hafnarfjarðar þróast?**

Niðurstöður umræðnanna má skipta í fjögur þemu:

Minni og færri skip

- Fókus á minni / meðalstór skip og dreifðar komur.
- Setja skilyrði, t.d. að dvelja að minnsta kosti eina nótt.
- Viljum gesti sem dvelja og neyta þjónustu – ekki bara „skutl í bæinn“.

Upplifun í bænum

- Skortur á skipulögðum ferðum í Hafnarfirði.
- Hugmyndir: álfaganga, dagsferðir, skutl innanbæjar.
- Gera bæinn að "getaway" líka fyrir áhöfnina.

Sala og samvinna

- Ratleikur, gönguferðir, álfaganga, saumaferðir, skipulagðar dagsferðir

Aðstaða og aðgengi

- Móttökuhús þarf að efla.
- Aðgengi frá bryggju lélegt – þarf að bæta.
- Skiptifarþegar þurfa rými og upplýsingar.


Stefnuramma fyrir móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði

STEFNURAMMI

Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði til ársins 2035

Framtíðarsýn

Hafnarfjörður er vinnalegur áfangastaður þar sem farþegar skemmtiferðaskipa geta notið sín í rólegu, fallegu og hlýlegu umhverfi. Með sjálfbærni að leiðarljósi er áhersla lögð á móttöku minni og meðalstórra skipa, dreifðar komur og gesti sem vilja dvelja í Hafnarfirði og njóta þess sem bærinn hefur upp á að bjóða. Þannig er stuðlað að jákvæðri upplifun farþega skemmtiferðaskipa, styrkingu lífsgæða íbúa og jákvæðum áhrifum á samfélag og umhverfi.



Meginmarkmið: Efnahagur

Jákvæð efnahagsleg áhrif

EFNAHAGUR

Jákvæð efnahagsleg áhrif
Að hámarka efnahagslegan ávinning með áherslu á sterkt þjónustuframboð og lengingu dvalar gesta í bænum

ATVINNUTÆKIFÆRI OG ARÐSEMI

Auka atvinnutækifæri og styðja við svæðisbundin fyrirtæki

Í því felst meðal annars:

- **Bein störf:** Í höfninni, þjónustugreinum og ferðaþjónustu.
- **Óbein störf:** Í framleiðslu, dreifingu og viðhaldi skipa og innviða.
- Að vekja athygli á jákvæðum efnahagslegum áhrifum, beinum og óbeinum tekjum af komum skemmtiferðaskipa.

ÞJÓNUSTUFRAMBOÐ OG INNVIÐIR

Styrkja þjónustuframboð og innviði bæjarins til að tryggja góða móttöku gesta og auka dvalarlengd þeirra í bænum.

Í því felst meðal annars:

- **Hafnaraðstaða og þjónusta:** Tryggja góða hafnaraðstöðu sem mun efla móttöku skemmtiferðaskipa og auka þjónustu til farþega.
- **Þjónusta og upplýsingagjöf:** Aukin upplýsingagjöf um þjónustuframboð í Hafnarfirði ásamt bættum tengingum milli hafnarinnar og miðbæ Hafnarfjarðar, t.d. með velmerktum gönguleiðum.
- **Farþegar:** Stuðla að því að taka á móti farþegum sem vilja dvelja í Hafnarfirði og njóta þess sem bærinn hefur upp á að bjóða til að skapa auknar tekjur og auka nýtingu þjónustuframboðs í landi.

ÁBYRG NÝTING AUÐLINDA

Nýta auðlindir á skynsamlegan hátt til að tryggja langtíma ávinning fyrir efnahagslíf og umhverfi

Í því felst meðal annars:

- **Orkunotkun:** Notkun á umhverfisvænum orkugjöfum til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.
- **Vatnsnotkun:** Skilvirk stjórnun á vatnsnotkun til að koma í veg fyrir sóun.
- **Úrgangsstjórnun:** Að draga úr neikvæðum áhrifum vegna úrgangs.

Meginmarkmið: Samfélag

Ávinningur nærumhverfis

SAMFÉLAG

Ávinningur nærumhverfis
Að stuðla að jákvæðum
samfélagslegum áhrifum og að
nærumhverfi njóti ávinnings

SAMFÉLAGSLEG ÞÁTTTAKA

Vinna að því að efla samtal hagaðila og íbúa um komur skemmtiferðaskipa

Í því felst meðal annars:

- **Samtal hagaðila:** Auka samtal hagaðila um málefni skemmtiferðaskipa í Hafnarfirði og mögulegri samlegð við Reykjavík.
- **Þátttaka íbúa:** Að skapa samtal við íbúa og auka tækifæri þeirra til að taka þátt í þróun áfangastaðarins.
- **Upplifun á hafnarsvæði:** Tryggja jákvæða upplifun fyrirtækja og þjónustuaðila á hafnarsvæðinu.
- **Upplýsingamiðlun:** Auka upplýsingamiðlun um áhrif og stöðu skemmtiferðaskipa sem hluta af ferðaþjónustu.

LÍFSGÆÐI ÍBÚA

Vinna að því að íbúar Hafnarfjarðar upplifi jákvæð áhrif af komu gesta

Í því felst meðal annars:

- **Þjónustuframboð:** Að efla þjónustu sem gagnast bæði íbúum og gestum.
- **Álagsstýring:** Að leggja áherslu á móttöku minni og meðalstórra skipa og dreifðar skipakomur til að forðast álag.

NÝTING Á ÞJÓNUSTUFRAMBOÐI

Stuðla að því að gestir nýti sér þjónustu í Hafnarfirði til að samfélagið njóti góðs af komum skemmtiferðaskipa

Í því felst meðal annars:

- **Kynning og markaðsmál:** Að vinna náið með skipafélögum og ferðaþjónustu til að efla nýtingu þjónustuframboðs í Hafnarfirði.
- **Upplýsingagjöf til skipafarþega:** Að koma á framfæri til gesta hvaða þjónusta sé í boði í Hafnarfirði og hvetja farþega til að dvelja sem mest í bænum.
- **Þróun á þjónustuframboði:** Að vinna náið með ferðaþjónustu til að styrkja fjölbreytileika þjónustuframboðs í Hafnarfirði.

Meginmarkmið: Umhverfi

Draga úr umhverfisáhrifum

UMHVERFI

Draga úr umhverfisáhrifum
Að lágmarka umhverfisáhrif
með því að draga úr losun
og stuðla að ábyrgri nýtingu
auðlinda

VERNDUN VISTKERFA

Draga úr mengun og neikvæðum
umhverfisáhrifum á hafi og við strendur

Í því felst meðal annars:

- **Sjávarvistkerfi:** Að draga úr mengun í hafi og stuðla að hreinni höfnum og strandsvæðum.
- **Líffræðilegur fjölbreytileiki:** Að vernda líffræðilegan fjölbreytileika í hafi og á landi, þar á meðal verndun á viðkvæmum tegundum og svæðum.

LOFTSLAGSMÁL OG LOFTGÆÐI

Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengandi efna

Í því felst meðal annars:

- **Landtengingar:** Að ætíð séu nýttar landtengingar.
- **Orkugjafir:** Að hvetja til notkunar endurnýjanlegra orkugjafa til dæmis rafmagn.
- **Loftgæði:** Að minnka útblástur til að bæta loftgæði í Hafnarfirði.

NÝTING Náttúruauðlinda

Tryggja að nýting náttúruauðlinda sé sjálfbær og að tekið sé mið af viðkvæmum svæðum

Í því felst meðal annars:

- **Meðhöndlun úrgangs:** Að til staðar séu innviðir til að meðhöndla úrgang á umhverfisvænan hátt.
- **Flokkun og endurvinnsla:** Að draga úr sóun og neikvæðum áhrifum á umhverfi vegna úrgangs.

Meginmarkmið: Gestir

Jákvæð upplifun

GESTIR

Jákvæð upplifun

Að stuðla að jákvæðri upplifun gesta með góðri þjónustu, álagsstýringu og nærandi ferðaðþjónustu

GÓÐ ÞJÓNUSTA OG UPPLIFUN

Þjónusta upp á góða þjónustu og upplifun fyrir gesti sem tekur mið af sjálfbærni

Í því felst meðal annars:

- **Þjónusta:** Að bjóða upp á fjölbreytta og góða þjónustu svo sem með markvissri upplýsingamiðlun, viðeigandi innviðum og vistvænum og greiðum samgöngum.
- **Upplýsingamiðlun og fræðsla:** Að upplýsa gesti um sjálfbærar ferðavenjur og mikilvægi verndunar náttúru og menningararfs.
- **Öryggismál:** Að sækja aðeins minni og meðalstór skip til að geta tryggt öryggi skipa og farþega.

ÁLAGSSTÝRING

Stýra skipakomum til að forðast álag á samfélag og innviði sem stuðlar jafnframt að jákvæðri upplifun gesta og íbúa.

Í því felst meðal annars:

- **Stærð og tegund skipa:** Að leggja áherslu á minni og meðalstór skip, s.s. leiðangursskip.
- **Fjöldi skipakoma:** Að dreifa skipakomum til að forðast of mikið álag á stuttum tíma.

NÆRANDI FERÐAÞJÓNUSTA

Upplýsa gesti um sjálfbærni og mikilvægi verndunar náttúru og menningararfs

Í því felst meðal annars:

- **Samskipti við íbúa:** Að stuðla að því að samskipti gesta og íbúa séu jákvæð og byggja á gagnkvæmum skilningi og virðingu.
- **Verndun náttúru:** Að fræða gesti um mikilvægi þess að virða náttúru og vistkerfi.
- **Orkunotkun:** Að hvetja gesti til að nýta vistvænar samgöngur.
- **Staðbundnar upplifanir:** Að hvetja gesti til að dvelja í Hafnarfirði og nýta þjónustu í bænum.



Unnið af:
Markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins

Ljósmyndir:
Gunnar Freyr Gunnarsson

September 2025